STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2005

3. júní 2005 1147 Nr. 523

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.

1. gr.

Aftan við 1. málslið 5. mgr. 10. gr. komi nýr málsliður er orðast svo: Þá skal útgerð skips greiða 4.500 kr. hafi komið til skeytasendingar Fiskistofu til útgerðar og skipstjóra samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júní 2005.

F. h. r.
Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

2. júní 2005 Nr. 524

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Vesturbæjarsundlaug.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 27. apríl 2004 deiliskipulag fyrir lóð Vesturbæjarsundlaugar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Gutenberg